

66
16 júní.

Auglýsing fyrir sjófarendur.

Í sambandi við auglýsingu landshöfðingja, dags. 23. marz þ. á. (Stj.tíð. B. 42. bls.) kunngjörist hjer með almenningi, að afstaða ljóskera þeirra, er ræðir um í nefndri auglýsingu, er, samkvæmt því, er mælt hefur verið frá herskipinu «Diana», sem hjer segir:

1. Ljóskersins á Garðaholti 64° 5' 1" norðl. br. og 21° 57' 9" vestl. lengdar frá Greenwich.
2. Ljóskersins á Brekkuhól 64° 6' 0" norðl. br. og 21° 59' 5" vestl. lengdar frá Greenwich.
3. Ljóskersins á Gerðatöngum í Vatnsleysustrandarhreppi 64° 0' 7" norðl. br. og 22° 19' 4" vestl. lengdar frá Greenwich.

Reykjavík 16. júní 1886.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

STYRKUR ÆR LANDSSJÓÐI

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

13 gr. B. V. b.

Barnaskólanum í Stokkseyrarhreppi veittur 300 kr. styrkur fyrir árið 1886.

16. gr. 14.

Hinu íslenska bibliúfelagi veittur 120 kr. styrkur fyrir árið 1886.

Ógmundi Sigurðssyni af ráðgjafanum veittur 400 kr. styrkur uppí kostnað við dvöl hans síðastliðinn vetur í Kaupmannahöfn til að framast í kennaramennt.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

25. maímán. veitti konungur presti að Odda, sjera Matthíasi Jóchromssyni Akureyrarprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1886.

29. s. m. veitti landshöfðingi presti að Skútustöðum sjera Stefáni Sigfússyni Hofsprestakall í Álptafirði í Suðurmúlaþrófastsdæmi frá fardögum 1886.

S. d. veitti landshöfðingi presti að Miklaholti sjera Oddgeiri Guðmundsen Kálholtsprestakall í Rangárvallaþrófastsdæmi frá fardögum 1886.

15. júní veitti landshöfðingi presti að Útskálum, sjera Sigurði B. Sivertsen, lausn frá prestsembætti.

S. d. veitti landshöfðingi presti að Stafholti, þræp hon, sjera Stefáni Þorvaldssyni, lausn frá prestsembætti.

ÓVEITT PRESTAKÖLL

Miklaholt í Snæfellsness þrófastsdæmi (Miklaholts og Rauðamels sóknir) verður veitt með fyrirvara um breyting samkvæmt lögum 27 febr. 1880 um skipun prestakalla. Mat brauðsins, einsog það er nú, er: 1362 kr 66 a. Það er auglýst 29 maí 1886.

Skútustaðir í Suður-Þingeyjar þrófastsdæmi (Skútustaða og Reykjahlíðar sóknir). Metið 921 kr. 19 a. Auglýst 29. maí 1886.

Oddi á Rangárvöllum. Auglýstur 15. júní 1886. Metinn kr. 2529,97. Í matsupphæð þessari er afborgun af brauðinu ráðgjörð 700 kr. en framvegis er ætlast til að hún verði aðeins 500 kr. útlagðar í jarðaafgjöldum.

Útskálar í Gullbringu- og Kjósarþrófastsdæmi. Uppgjafaprestur eptirlaunast af brauðinu með 496 kr. 88 a. á ári. Metið 1696 kr. 88 a. Auglýst 15. júní 1886.

Stafholt í Mýraþrófastsdæmi. Uppgjafaprestur eptirlaunast af brauðinu með 474 kr. 63 a. Metið 1674 kr. 63 a. Auglýst 15. júní 1886.

Öll þessi prestaköll veitast frá fardögum 1886.